

Nd.

296. Nefndarátt

um frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. vill, að lögín verði heimildarlög og að framlag rikissjóðs verði fært niður í $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðar við hafnarbæturnar, en meiri hl. vill samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

Þessi aðstaða nefndarinnar sýnir, að öll nefndin er í rauninni sammála um nauðsynina til hafnarhóta í Hafnarfirði. Það, sem á milli ber, er í sjálfu sjer aðeins stigmunur. Meiri hl. hefir aðeins glegggra auga fyrir því, hve þörfin er brýn og aðkallandi, og leggur því áherslu á, að tafarlaust verði hafist handa um framkvæmdir.

Frá Hafnarfirði eru nú gerðir út 12 togarar, 10 línuveiðiskip og mörg minni skip, og þaðan er fluttur út sjöundi hluti þess fiskjar, er frá landinu flyst. En öllum þessum mikla atvinnurekstri er að nauðsynjalausú tefit í tvisýnu og voða meðan ógerðar eru hafnarbætur þær, er frv. gerir ráð fyrir. Hafnarfjarðarhöfn er af náttúrunnar hendi góð í öllum áttum nema vestanátt, en í þeirri átt er höfnin opin fyrir óbrotinni öldu úthafsins. Komi snarpur vestanvindur á ver-tíðinni, leggur hann blátt áfram afgreiðslubann á þau skip, er frá Hafnarfirði eru gerð út, — afgreiðslubann, sem á skömmum tíma hlýtur að valda beinu og óbeinu tjóni, er nemur tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda króna.

Það er því ekki ofmælt, að ank þess sem með öllu er girt fyrir eðlilega þróun útgerðar frá Hafnarfirði meðan hafnarbætur eru ógerðar, þá er og að óþörfu bætt óvenjulegri og stórri áhættu við venjulega áhættu íslenskrar útgerðar, og er þó sist á bætandi.

Sú hending, að vestanáttin hefir verið fátíð síðustu árin og stórviðri að

kalla má engin af þeirri átt, hefir svæft atbygli manna á hinni yfirvofandi hættu, svo útgerðin frá Hafnarfirði hefir stóraukist. En fullvíst er, að fyr en varir vakna menn við vandan draum. Vestanstórviðri og langviðri skella á og þá standa Hafnirðingar ráðþrota. Við þessu verður tafarlaust að gera, en eina ráðið til þess ern hafnarbætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir.

En jafnvel þótt þessi voði grúfði ekki yfir atvinnulífi Hafnarfjarðar, — jafnvel þótt aðeins væri nm að ræða nauðsynlegar framfarir, en ekki jafnframt að afstýra voða, þá væri samt sem áður öll töf málsins mjög bagaleg. Útgerðin, sem rekin er frá Hafnarfirði, er orðin svo stór, að hin eina hafskipabryggja, sem nú er í Hafnarfjarðarhöfn, fullægir hvergi nærri þörfunum, en það er að kasta peningum á glæ að byggja nýja hafskipabryggju, fyr en gerðar hafa verið hafnarbætnr þær, er frv. fer fram á, því allar fyrirhugaðar hafskipabryggjur og önnur hafnarmannvirki í Hafnarfjarðarhöfn standa í beinu sambandi við hafnarbæturnar og verður eigi við komið fyr en þær hafa verið gerðar.

Nauðsyn Hafnarfjarðar er því augljós, — augljós eins og kröfurjettur Hafnarfjarðar á hendur ríkissjóði um aðstoð í þessum efnum. En sá kröfurjettur byggist á því, að þangað ber að beina fje ríkissjóðs, sem þörfin er mest og best notast af því, en jafnframt skal tvímælalansl fullyrt, að af öllum hjeruðum landsins eru það Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður, sem skila ríkissjóði fljótustum og margföldustum arði af þeim pening, sem til hafnarbóta er varið. Auk þess skal á það bent, að $\frac{1}{2}$ milj. kr. árlegt gjald Hafnarfjarðar til ríkissjóðs leggur ríkissjóði miklar skyldur á herðar, þegar svo brýn þörf Hafnarfjarðar er annarsvegar.

Hjer hefir verið lítillega drepið á þörf Hafnarfjarðar til hafnarbóta. En það er önnur hlið þessa máls. Hún veit að útgerð utanhjeraðsmanna.

Eins og menn vita, er hvergi jafnálitlegt að reka útgerð framan af ári sem frá Faxaflóa, enda senda menn hvaðanæfa af landinu skip sín þangað til veiða um það leyti árs, og fer það si og æ í vöxt. Útgerðin innan Faxaflóa hefir því aukist og margfaldast á síðari árum, og mun halda áfram hröðum vexti, alþjóð til hagsbóta og ríkissjóði til tekjuauka, ef hafnleysi bagar ekki. En nú er svo komið, að þessum vexti eru beinar skorður settar af þröng Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhafna, en hafnleysi annara verstöðva innan Flóa.

Úr þessu verður að bæta. Það er alþjóðarnauðsyn og hagsmunamál ríkissjóðs. En vegna legu sinnar og allra staðháttar er Hafnarfjörður til þess kjörinn, að þessi vandi verði leystur með hafnarbótum þar.

Ágreiningurinn um ákvæði 1. gr. frv. er sá, að minni hl. vill láta framkvæmdir bíða þess, að fje sje veitt til þeirra í fjárlögum. Meiri hl. vill aftur, að sjálf lögin tryggji, að tafarlaust verði hafist handa. Nauðsyn þess hefir verið rökstudd hjer að framan. Hún verður ekki vefengd fremur en rjettur Hafnarfjarðar til fjárframlags úr ríkissjóði til hafnarbóta.

Í þessu máli er því aðeins eftir að sýna fram á, að eðlilegt sje, að ríkissjóður leggi árlega nokkra fjárfúlgu af mörkum til hafnarbóta, og enda þótt meiri hl. gangi þess ekki dulinn, að á mörgum sviðum er þörfin aðkallandi, fær hann þó eigi sjeð, að þjóð eins og Íslendingar, sem í svo ríkum mæli lifir á sjón-

um og af sjávarafurðum, fái til lengdar skotið sjer undan því að bæta hafnir landsins, svo skamt sem þeirri nauðsyn er á veg komið. Og það telur meiri hl. tvímælaust, að mest hagsýni sje að gera þetta með árlegu framlagi til hafnarbóta. Með því verður mest samræmi í framkvæmdunum og ríkissjóði ljettbærast að inna þessa skyldu af hendi.

Árlegar tekjur ríkissjóðs af vitagjaldi og afgreiðslugjaldi eru áætlaðar 600—700 þús. kr., en til vitamála er aðeins varið rúmnum 200 þús. kr. árlega. Það er óbrigðul regla með nágrannaþjóðum vorum, að tekjum af þessum gjaldstofnum sje varið í þágu siglinganna, — til vitamála og hafnarbóta. Sanngjarnt er, og raunar sjálfsagt, að Íslendingar fylgi þeirri venju. Hvergi er þörfin hlutfallslega meiri til nmbóta á þessum sviðum en einmitt hjer á landi, og hvergi yrði gagnsemi hlutfallslega meiri af þeim. En geti menn aðhylst þessa skoðun, er sýnt, að árlega yrði nokkur fjárfúlga afgangs nuffram það, sem nú er varið til þessara mála, og mætti þá verja henni til hafnarbóta.

Af þessum ástæðum og vegna þess, að rjettur Hafnarfjarðar er tvímælaust, heldur nefndin fast við ákvæði 1. gr. num tafarlausa framkvæmd málsins.

Meiri hl. álitur, að eigi sýnist óhófliga í ár tekið, þótt framlag ríkissjóðs sje ákveðið $\frac{1}{2}$ hluti kostnaðar við hafnarbæturnar. Er bjer farið að fordæmi fyrri þinga, en þess gætt að ganga ekki skrefi lengra, enda þótt fyrir Alþingi liggja nú frv. frá sjálfri ríkisstjórninni, er ákveðnr framlag ríkissjóðs til hafnarbóta á Skagaströnd helming kostnaðar.

Alþingi, 8. apríl 1929.

Ólafur Thors, Jóhann P. Jósefsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
frsm.